

Alþingi
Erindi nr. P 137/168
komudagur 12.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa (7. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að Alþingi álykti um stofnun nefndar sérfróðra manna sem móta á tillögur til að styrkja stöðu minni hluthafa.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að styrkja stöðu og efla vernd minni hluthafa. Það er skiptir miklu að minnihlutaverndin sé ávallt í forgrunni hlutafélagalaga og taki mið af því sem best gerist í samanburðarlöndum okkar.

Virk minnihlutavernd er eitt grundvallarskilyrði fyrir tilvist hvers verðbréfamarkaðar þar sem hún er forsenda fyrir þátttöku stórs hluta fjárfesta á þeim mörkuðum. Með því að standa vörð um minni hluthafa er mikilvægur grunnur þannig lagður að því að auka það framboð fjármagns sem fyrirtækjum stendur til boða á hverjum tíma, en núverandi árferði ber þess glöggt merki að viðskipti einstaklinga og minni fyrirtækja með verðbréf eru veigamikil lífæð fjármagns sem mikilvægt er að endurreisa sem fyrst. Aukin tiltrú skiptir þar mestu og þar getur vinna sem þessi verið mikilvægur liður.

Hlutafélagalöggjöfin hérlendis, líkt og á Norðurlöndunum, inniheldur margvísleg ákvæði er miða að vernd minni hluthafa og gengur að einhverju leyti lengra en gerist annars staðar. Hins vegar er ljóst að ávallt má gera betur og að mati Viðskiptaráðs á löggjöfin hérlendis að vera til fyrirmyndar hvað þetta varðar.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs